

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 150 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 25. ágúst 2014.


Hr. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson  
forsætisráðherra  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík.

Ég vísa til svars yðar frá 15. ágúst sl. í tilefni af bréfi mínu, dags. 6. ágúst sl., þar sem ég spurðist fyrir um framkvæmd 2. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, eftir að núverandi ríkisstjórn tók til starfa.

Vegna þeirra upplýsinga sem koma fram í svari yðar og afstöðu til gildis siðareglna nr. 360/2011 við störf ráðherra í núverandi ríkisstjórn tel ég rétt að upplýsa yður um að ég hef haft til athugunar mál þar sem kann að reyna á hvort þessar reglur hafa átt við í tilviki eins af ráðherrum í ríkisstjórn yðar. Í bréfi sem ég hef ritað þeim ráðherra tek ég fram að ég láti skýringar yðar á efni 2. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011 og núverandi gildi siðareglna nr. 360/2011 liggja milli hluta að sinni enda telji ég rétt að hlutaðeigandi ráðherra skýri afstöðu sína til þess hvaða þýðingu þessar reglur hafi í störfum hans að því marki sem kann að reyna á þar í umræddu máli. Komi til þess að ég fjalli frekar um áður nefnda túlkun yðar í því máli eða með öðrum hætti sem og efni siðareglna ráðherra mun ég kynna yður niðurstöðu mína.

Til svars við þeirri fyrirspurn sem þér setjið fram í lok bréfs yðar skal upplýst að samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, staðfestir forseti Alþingis siðareglur fyrir starfsmenn Alþingis og stofnana þess. Mér er ekki kunnugt um að slíkar reglur hafi verið staðfestar en yður til fróðleiks skal enn fremur upplýst að starfssvið umboðsmanns Alþingis tekur ekki til starfa Alþingis og stofnana þess, sbr. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson.